



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. október 2018.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um um aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna, 149. löggjafarþing 2018 -2019. Þskj. nr. 13 – 13. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar um aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna og fjölskyldna þeirra hér á landi. Í tillögunni er mælt fyrir um ýmsar aðgerðir til að styrkja stöðu barna og ungmenna, m.a. að þriðja valfrjálsa bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins verði lögfest hér á landi á árinu 2019, að skipaður verði samráðshópur fulltrúa ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að yfirfara tilmæli alþjóðlegra nefnda varðandi málefni barna sem og skýrslur umboðsmanns barna og koma með tillögur um með hvaða hætti megi bregðast við til að treysta stöðu barna og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu. Þá er og mælt fyrir um almennar forvarnaradgerðir, aðgerðir til að bæta stöðu barnafjölskyldna, aðgerðir í þágu barna innflytjenda, aðgerðir er vernda börn og ungmenni gegn heimilisofbeldi og kynferðisbrotum, aðgerðir til að styðja langveik börn o.fl.

MRSÍ telur mikilvægt að þingsályktunin verði samþykkt enda eru þær aðgerðir sem í tillögunni greinir mjög mikilvægar að mati skrifstofunnar og til þess fallnar að bæta stöðu barna og ungmenna. Aðgerðir þessar kæmu jafnframt til með að efna a.m.k. flest þau tilmæli sem alþjóðlegir eftirlitsaðilar á vegum Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins hafa gefið íslenskum stjórnvöldum varðandi málefni barna og ungmenna.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri